

# Grov Beton

## Gróf múrblanda

### Notkunarsvið

Gróf Múrblanda er alhliða tilbúinn múrblanda sem þarf einungis að blanda með köldu vatni og er þá tilbúinn til notkunar.

Múrblandan er ætluð í grófari og stærri undirviðgerðir innandyrna sem utan. Einnig er hún mikið notuð í hefðbundnar steypuframkvæmdir s.s. litla sökkla, veggi, gólf og staurasteypu.

### Eiginleikar

Gróf Múrblanda er slitsterkt, sementsbundið steypu og múrviðgerðarefni, með mjög góða viðloðun. Frostþolið og vatnsþétt þegar fullri hörku er náð. Framleitt úr Portlandsementi, ofnþurkuðum kvartssandi, ásamt íblöndunarefnum til að auka viðloðun og vinnslueiginleika.

### Þykktarsvið

Á sterkt undirlag, svo sem steinsteypa fleti 20-40mm. Ef nota á múrblönduna í meiri þykktum þarf að blanda mól samanvið. Ca 1 hluti mól á móti 5 hlutum af þurrefni.

### Eiginleikar

Þrýstipól:	20 Mpa
Hitastig	5°- 25°C
Notkunnartími:	ca 60 mín
Hörðun.	Byrjar eftir 2-4klst
Full hörðun	28 dagar
Efnisnotkun:	10 mm þykkt 20 kg/m <sup>2</sup>
Geymslupól:	12 mán í þurri geymslu.

### Undirvinna

Viðgerðarflöturinn skal vera hreinn og laus við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun. Ef skemmdin nær inn í járn skal fjarlægja alla lausa steypu frá járninu og hreinsa járníð með vírbursta eða slípirokk. Berið síðan á járníð Betokem BETOHEFT, sem er sementsbundið ryðvarnarefni.

Ef um nýsteypu er að ræða þarf að útbúa mót úr viðeigandi byggingarefni. Gætið þess að mótið sé nægjanlega sterkt til að þola þrýstinginn frá blautri múrblöndunni.

Til að tryggja viðloðun við eldri steypu þarf að bleyta sárið vel fyrir viðgerð. Við erfiðar aðstæður er gott að kústa sárið með velling/slamma. Hrærið saman múrblöndu og vatni þar til úr verður blautur kústunarhæfur slammi. Kústið slammanum á flötinn og leggið viðgerðarblönduna í blautt sárið.



### Blöndun og lögn

Setjið 1 poka af múrblöndu (25kg) út í 3-3,5L af vatni. Hrærið vel með hægengri borvél í 2-3 mín eða þar til blandan er orðin kekkjalaus.

**Uppsteypa:** Hellið múrblöndunni í mótin. Vibrið eða sladdið blautt efnið til að tryggja að hún fylli mótið.

**Staurasteypa:** Stillið staurinn af í a.m.k. 90cm djúpri afmarkaðri holu. Hellið til skiptis þurrefni og vatni í holuna og hrærið í holunni sjálfri. Bætið mól úti til að styrkja steypuna.

**Gólf:** Leggið út lárétta leiðara með ca 1m millibili. Leggið múrblönduna út í a.m.k. 2cm lagi og afréttið með réttsskeið m.v. leiðarana. Þegar yfirborðið er orðið snertipurrt má vinna í því með glattara, þússbretti eða þ.h.

Hitastig verður að vera minnst 5°C í 12 tíma eftir notkun. Ef hættu er á að efnið þorni of hratt, þarf að verja það með því að væta svæðið eða breiða plast yfir það í 5- 7daga eftir lögn.

### Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

### Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi, skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf ráða hjá sölumönnum ef ykkur finnst ástæða til. Ekki má blanda öðrum efnum saman við múrblönduna, þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

# MÚRBÚÐIN